



Reykjavík, 28. júní 2017

## Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Hinn 1. mars 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.<sup>1</sup> Frá og með 1. mars 2017 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin auknum. Aukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Hinn 1. nóvember 2016 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 1,25% og mun hækkunin taka gildi hinn 1. nóvember 2017.<sup>2</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 20. júní 2017 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu í 1,25%. Tilmælin eru meðfylgjandi bréfi þessu.

Megintilgangur sveiflujöfnunaraukans er að auka viðnámsprótt fjármálakerfisins við hugsanlegu útlánatapi í kjölfar óhóflegs skuldavaxtar með tilheyrandi uppsöfnun sveiflutengdrar kerfisáhættu. Í samræmi við 2. mgr. 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB lítur fjármálastöðugleikaráð í tilmælum sínum til fráviks skuldahlutfalls frá langtímaleitni við mat á gildi sveiflujöfnunaraukans. Fjármálastöðugleikaráð lítur einnig til fleiri vísa í rökstuðningi sínum, s.s. skuldavaxtar í hlutfalli við verga landsframleiðslu, raunvaxtar skulda heimila og fyrirtækja og raunhækkunar íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Þar að auki lítur fjármálastöðugleikaráð til stöðu fjármálasveiflunnar sem metin er út frá samsveiflu breyta sem taldar eru endurspegla sveiflutengda kerfisáhættu. Er það niðurstaða fjármálastöðugleikaráðs að þróun sveiflutengdrar kerfisáhættu hafi verið með svipuðu móti og búist var við á fundi ráðsins hinn 6. apríl 2017.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. nóvember 2016 um 1,25% sveiflujöfnunarauka gildir áfram óbreytt. Aukinn skal áfram taka til innlendra áhættuskuldbindinga allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin auknum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki. Við

<sup>1</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016.

<sup>2</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 30. september 2016.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.